

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 78/98
frá 17. júlí 1998

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/97 frá 15. desember 1997⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 536/97 frá 17. mars 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 822/87 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins með tilliti til vínfræðilegra vinnsluáðferða og vinnslu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1417/97 frá 22. júlí 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 822/87 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 15. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 9.7.1998, bls. 62 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9.7.1998, bls. 119.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 83, 25.3.1997, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 196, 24.7.1997, bls. 10.

- „- **397 R 0536**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 536/97 frá 17. mars 1997 (Stjttíð. EB L 83, 25.3.1997, bls. 5).
- **397 R 1417**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1417/97 frá 22. júlí 1997 (Stjttíð. EB L 196, 24.7.1997, bls. 10).“

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerða ráðsins (EB) nr. 536/97 og (EB) 1417/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 17. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

